



Reglugerð um velferð hrossa

Ráðstefna um dýravelferð

Sigríður Björnsdóttir

23. febrúar 2015



6. gr. Hreyfing og félagslegt atferli

- Húsvist og annað hrossahald skal taka mið af félagslegum og líkamlegum þörfum
 - Innréttingar hesthúsa skulu tryggja hrossum næði til að hvílast og nærast án stöðugs áreitis og/eða yfirgangs frá öðrum hrossum.
 - Innréttingar skulu ekki byrgja hrossum sýn til annarra hrossa á húsi.
 - Óheimilt er að setja rafstreng á innréttingar í hesthúsum.
- Óheimilt er að hafa hross ein á húsi eða í beitarhólfum.
 - Undanþegnar eru skammtímaráðstafanir,
 - styttri en fimm dagar
 - tímabundin útiganga stóðhesta, allt að einn mánuður
- Hross á húsi skulu fá hreyfingu eða aðra útivist að lágmarki í eina klukkustund á dag
 - nema sjúkdómar eða veður hamli.

7. gr. Meðferð og 8. gr. Notkun

- Bannað er að beita hross harðýðgi eða annarri illri meðferð
 - Gróf valdbeiting, svo sem barsmíðar, þrengja að blóðrás til heila (hengja), snúa hross niður á eyrum, uppgefa hross til dæmis með bindingum eða gefa þeim rafstuð
- Knapi ber fulla ábyrgð á hrossum sem hann notar til reiðar eða annarrar vinnu
- Eingöngu skal nota heilbrigð hross til reiðar, burðar eða dráttar
- Álag á hross má aldrei vera meira en þrek þeirra og annað líkamlegt ástand leyfir
- Reiðtygi, járningar

Úttektarskyld starfsemi 3. gr o.fl

- 1. Landsmót hestamanna. 2. Íslandsmót í hestaíþróttum.
 - Á stórmótum skulu mótshaldarar sjá til þess að öll hross undirgangist heilbrigðisskoðun skv. fyrirkomulagi sem samþykkt hefur verið af Matvælastofnun
 - Smitvarnir
- 3. Tæknivædd þjálfunarstöð
 - Þeir sem reka tæknivæddar þjálfunarstöðvar fyrir hross og/eða starfsmenn þeirra skulu auk þess geta sýnt fram á þekkingu á þjálfunarlífeðlisfræði hrossa eða sambærilega menntun
 - Smitvarnir
- 4. Endurhæfingarstöð fyrir hross
 - Endurhæfing hrossa vegna álagssjúkdóma eða annarra veikinda á endurhæfingarstöð skal eingöngu eiga sér stað að lokinni sjúkdómsgreiningu samkvæmt tilvísun frá dýralækni
- 5. Tamningastöð
- 6. Hestahald þar sem framkvæmd er blóðtaka úr hrossum til framleiðslu afurða
- 7. Hestaleiga
 - Umráðamanni hestaleigu og reiðskóla ber að skrá tíðni og tímalengd notkunar á hverju hrossi. Dagbókin skal aðgengileg eftirlitsaðilum samkvæmt reglugerð þessari hvenær sem þurfa þykir
- 8. Reiðskóli

9. gr.

Tamning, þjálfun, keppni og sýningar

- Ekki má nota búnað eða aðferðir við tamningu, þjálfun, keppni eða sýningar sem valda hrossum skaða eða óþarfa ótta. (Tryggja að hross séu ekki markvisst beitt meðferð sem veldur þeim skaða eða óþarfa ótta 17. gr laganna)
 - Óheimilt er að þvinga hross í höfuðburð með búnaði sem gefur ekki eftir eða að uppgefa hross með bindingum eða öðrum þvingunum.
 - Notkun á mélum með tunguboga og vogarafli er bönnuð á stórmótum, hvers kyns keppnum og sýningum
- Aðeins má nota heilbrigð hross í góðri þjálfun
 - Ekki fylfullar hryssur gengnar með lengur en fjóra mánuði
- Mótshaldari ber ábyrgð á að hljóðstyrkur tónlistar á keppnis- eða sýningarsvæði hrossa fari ekki yfir 90 dB

10. gr.

Fóðrun, beit og brynning

- Fóður skal að magni, gæðum og næringarinnihaldi fullnægja þörfum hrossa til vaxtar, viðhalds og notkunar
 - Hross skulu hafa aðgang að fóðri a.m.k. tvisvar á sólarhring
 - Aðgangur að gróffóðri aldrei minni en sem svarar til 4 kg af þurru heyi, daglega
- Þar sem 40 hross eða fleiri eru fóðruð á útigangi skal flokka hrossin eftir fóðurþörfum
- Óheimilt er að hafa hross án vatns lengur en 6 klst. og án fóðurs lengur en 14 klst
 - Folaldshryssur: 2 klst
- Snjór getur komið í stað vatns

Holdastigun

- Hross skulu alla jafna ekki veri grennri en sem nemur reiðhestsholdum (holdastig 3)
- Hross sem ekki ná reiðhestsholdum skulu njóta hvíldar og/eða sérstakrar umhirðu
- Fóðrun tafarlaust bætt
- Aðgangur að góðu skjóli tryggður




Reiðhestshold


Holdastig 3

- Hæfileg hold á hesti í brúkun
- Æskilegt er að hross séu í ríflegum reiðhestsholdum þegar lagt er upp í langferð
- Viðunandi fyrir útigangshross að vori
- Knöpp að hausti eigi hrossið að ganga úti yfir veturinn
- **Holdastig 4**
- Hross sem eru að fara á útigang þurfa síðla hausts að hafa gott fitulag undir húð

Mynd 3



Mynd 4




Frávik í holdafari


Holdastig 2

- Ófullnægjandi fóðurástand
 - Fóðra sérstaklega og tryggja aðgang að mjög góðu skjóli í eða við hús
- Holdastig undir 2 telst til illrar meðferðar
 - Tafarlaus viðbrögð

Mynd 2



Mynd 1




Frávik í holdafari

Holdastig 5

- Hafa haft óhóflegan aðgang að fóðri
- Hreyfingarleysi / verkefnisleysi
- Ekki góð meðferð enda getur það komið niður á heilsufari þeirra
 - Efnaskiptaröskun
 - Hófsperra

Mynd 5



11.gr. Heilbrigði og forvarnir

- Umráðamaður skal
 - fylgjast með holdafari og heilbrigði hrossa í hans umsjá og kalla til dýralækni ef með þarf
 - koma í veg fyrir að ormasmit nái að magnast upp með beitarstýringu og/eða ormalyfjagjöf
 - verja gegn ytri óværu og hirða hófa
- Hverjum þeim sem hefur ástæðu til að ætla að hross sé haldið alvarlegum eða áður óþekktum smitsjúkdómi er skylt að tilkynna það dýralækni eða Mast þegar í stað

12. gr. Eigið eftirlit

- Daglegt eftirlit með hrossum á húsi
- Vikulegt eftirlit með útigangshrossum
 - Undanþegin eru hross á afrétti á sprettutíma
- Aukið eftirlit með
 - nýfæddum, sjúkum og slösuðum dýrum
 - hryssum nálægt köstun
 - og ef veður eða aðrar aðstæður krefjast
- Umráðamaður stóðhests skal hafa daglegt eftirlit með stóðhestagirðingu

13. gr. Aðgerðir

- Ekki má framkvæma aðgerðir á hrossum án læknisfræðilegrar ástæðu
 - Á líka við um tennur
 - Tannraspanir óleyfilegar aðrar en sértækar meðhöndlunir
- Heimilt að eyrnamarka hross, gelda hesta og fjarlægja úlfstennur með deyfingu

15.- 17. gr. Hesthús og gerði

- Stíur
 - 4 m² hross frá 3ja vetra aldri
 - 8m² folaldshryssur og fylfullar
- Básar bannaðir
- Gólf, lýsing, loftræsting, hiti
- Slysavarnir
- Smitvarnir
- Gerði
 - 20 m² á hest (nýbyggingar)
 - Aldrei minni en 100 m²

18. gr. Útigangur

- Aðhald til að sinna eftirliti
- Hross sem ganga úti skulu geta leitað skjóls fyrir veðri og vindum
- Manngerðir skjólveggir
 - ef náttúrulegt skjól er ekki fullnægjandi
 - að lágmarki 2 metrar á hæð
 - öll hross hjarðarinnar fái notið skjóls
 - án slysaþættu
- Við eftirlit og mat á aðbúnaði hrossa á útigangi skal litið heildstætt á þá þætti sem hafa áhrif á velferð hjarðarinnar
 - fóðurástand, landgæði, skjól og veðurfar á svæðinu

Umræður

